

Alþingi
Erindi nr. P 133/1519
komudagur 7.3.2007



FÉLAG ÍSLENSKRA
BÓKAÚTGEFENDA

Reykjavík 27. febrúar 2007

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
b/t Elisabetar Ránar Andrésdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um bókmenntasjóð og fleira. Þskj. 776 – 513. mál.

Umsögn Félags íslenskra bókaútgefenda

Félag íslenskra bókaútgefenda hefur náið fylgst með undirbúningi Frumvarps til laga um bókmenntasjóð og fleira og var annar þeirra aðila sem í upphafi hófu máls á sameiningu sjóðanna sem ætlaðir eru til styrktar bókaútgáfu og bókakynningu á Íslandi svo skilvirkar væri staðið að því að dreifa og efla þekkingu meðal almennings, veita nýjum menningarstraumum inn í íslenska menningu og styðja við bakið á útrás íslenskra bókmennta.

Félag íslenskra bókaútgefenda fagnar því að nú hylli undir að frumvarpið verði að lögum.

Athugasemd v. a. lið 2. gr.

Í ljósi þess að megintilgangur lagasetningarinnar hefur verið að sameina þá þrjá sjóði sem nú eru fyrir til stuðnings bókaútgáfu á Íslandi: menningarsjóð, þýðingarsjóð og bókmenntakynningarsjóð, þykir stjórn Félags íslenskra bókaútgefenda þó skjóta skökku við að í a. lið 2. gr. hafi á lokastigum frumvarpsgerðar verið bætt við klausu sem vikkar svið bókmenntasjóðs svo fjárveitingar munu – skv. orðanna hljóðan – einnig renna til stuðnings útgáfu og hugsanlega samningu „frumsaminnna íslenskra skáldverka“. Í ljósi þess að tiltölulega auðvelt og ódyrt er að búa „frumsamin íslensk skáldverk“ til útgáfu, miðað við stærri og kostnaðarsamari verk sem byggja á rannsóknum og heimildum, þykir stjórn Félags íslenskra bókaútgefenda þetta orðalag gera markmið bókmenntasjóðs óskýrari og verða hugsanlega til þess þegar fram í sækir að dreifa fjármunum um of. Félag íslenskra bókaútgefenda minnir á að bókmenntasjóður verður eini opinberi sjóðurinn þangað sem útgefendur geta stótt um styrk til kostnaðarsamrar útgáfu stórra og vandaðra bóka sem ætlað er að vera grunnstoðir menntunar og menningar íslensku þjóðarinnar.

Félag íslenskra bókaútgefenda telur að orðalag a liðar 2. gr. væri markvissara og nær markmiðum laganna ef þar stæði að tilgangur bókmenntasióðs væri að „styrkja útgáfu vandaðra rita sem eru til þess fallin að styrkja íslenska menningu.“ Orðin „frumsaminna íslenskra skáldverka“ myndu þá falla út.

Virðingarfyllt.

A handwritten signature in black ink, reading "Kristján B. Jónasson". The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

Kristján B. Jónasson, formaður
Félags íslenskra bókaútgefenda